

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Ársskýrsla fyrir árið 2006

Efnisyfirlit

	Bls.
Stjórn og starfsmenn	3
Iðgjöld	4
Lífeyrir	5
Sjóðfélagalán.....	7
Nýtt húsnæði	8
Breytingar á samþykktum sjóðsins	8
Ávöxtun eigna 2006.....	9
Fjárfestingarstefna Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2007	11
Samtryggingardeild.....	11
Séreignardeild	15

Ársreikningur Samtryggingardeildar:

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	18
Áritun endurskoðenda	19
Efnahagsreikningur	20
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	21
Yfirlit um sjóðstreymi	22
Skýringar	23
Kennitölur	28

Ársreikningur Séreignardeildar:

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	30
Áritun endurskoðenda	31
Efnahagsreikningur	32
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	33
Yfirlit um sjóðstreymi.....	34
Skýringar	35
Kennitölur	36

Financial Statement:

Endorsement by the Board of Director's and Managing Director.....	38
Auditor's Report	39
Balance Sheet	40
Statment of Changes in Net Assets for Pension Payments	41
Statement of Cash Flows	42
Financial Indicators	43

Stjórn og starfsmenn

Stjórn sjóðsins er skipuð af fjármálaráðherra. Fjöldi stjórnarmanna er sjö og eru jafn margir varamenn. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn. Fjórir stjórnarmenn eru skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða, þrír eru án tilnefningar og er einn þeirra formaður stjórnar sjóðsins.

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 1. janúar 2005 til næstu fjögurra ára:

Aðalmenn:

Baldur Guðlaugsson, form.
Hrafn Magnússon, varaform.
Arnar Sigurmundsson
Gunnar Gunnarsson
Halldór Björnsson
Þorgeir Eyjólfsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Varamenn:

Þórhallur Arason
Friðbert Traustason
Haukur Hafsteinsson
Elmar H. Hallgrímsson
Ingvi Már Pálsson
Jónas Bjarnason
Sjöfn Ingólfssdóttir

Aðsetur sjóðsins er á Skúlagötu 17 og eru starfsmenn sjóðsins sjö í árslok 2006,

Elín Valdimarsdóttir
Elsa Dóra Grétarsdóttir
Helga Björg Sigurðardóttir
Kristín Árnadóttir
Magnús Björn Jónsson
Sigurbjörn Sigurbjörnsson
Sigurlaug Waage


Skrifstofustjóri
Forstöðumaður lífeyris- og lánadeildar
Bókhald og skráning
Upplýsingar og sími
Innheimtustjóri
Framkvæmdastjóri
Skráning og upplýsingar

Iðgjöld


Lögbundið er að greiða 12% iðgjald til lífeyrissjóðs af öllum launum og reiknuðu endurgjaldi frá 16 til 70 ára aldurs. Skiptist hlutfallið þannig að 4% greiðir launþegi en launagreiðandi greiðir 8%. Þetta hlutfall var til ársloka 2006 10%. Eins og neðangreind tafla sýnir hefur orðið nokkur vöxtur á iðgjöldum til sjóðsins frá árinu 1998. Meginástæður eru aukinn fjöldi sem hefur kosið að greiða til sjóðsins, auknar greiðslur hvers sjóðfélaga og nýtt hlutverk Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda í samræmi við 6. gr. l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem kveðið er á um sérstakt innheimtuhlutverk sjóðsins.

Á árinu 2006 greiddu 16.953 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins, alls um 2.077 millj. kr. Þá greiddu 1.685 launagreiðendur iðgjöld fyrir starfsmenn sína á árinu. Virkir sjóðfélagar voru 7.356. Samtals jukust iðgjöld um 4,9% frá fyrra ári.

Iðgjöld 1996 - 2006 á verðlagi hvers árs í millj.kr.



Iðgjöld 1996 - 2006 á föstu verðlagi 2006 í millj. kr.




Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur ársins 2006 námu 504 millj. kr. og hafa hækkað um 21,2% frá árinu 2005. Greiðslur vegna ellilífeyris hækkuðu mest eða um 29%. Í desember 2006 voru lífeyrisþegar 4.011 og hafði þeim fjölgað um 7,5% frá fyrra ári. Hlutfall lífeyris af hreinni eign var 1,1% í árslok 2006. Skipting lífeyrisgreiðslna milli lífeyristegunda hefur breyst þannig að vægi ellilífeyris hefur aukist.

Lífeyrisgreiðslur áráanna 2006 og 2005:


	2006	2005	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	301.909.772	234.043.807	29,0%
Örorkulífeyrir	150.948.082	136.151.590	10,9%
Makalífeyrir	39.754.198	32.603.272	21,9%
Barnalífeyrir	11.083.808	12.720.311	-12,9%
	503.695.860	415.518.980	21,2%



Hlutfall lífeyris af hreinni eign

Neðangreind mynd sýnir hversu stór hluti af eignum sjóðsins fer til greiðslu lífeyris á hverju ári og er því góður mælikvarði á þroska sjóðsins og aldurssamsetningu sjóðfélaga.


Hlutfall lífeyris af hreinni eign 1996 - 2006



Hrein eign til greiðslu lífeyris

Eins og sést á myndinni hér að neðan hefur verið stöðugur og jafn vöxtur á hreinni eign til greiðslu lífeyris frá árinu 1996 á föstu verðlagi 2006. Vegna góðrar ávöxtunar 2003 - 2006 vex hrein eign hraðar en árin á undan.


Hrein eign til greiðslu lífeyris á árslokaverðlagi 2006



Sjóðfélagalán

Neðangreind tafla sýnir yfirlit yfir veitt sjóðfélagalán hjá sjóðnum. Sjóðurinn hóf lánveitingar til sjóðfélaga á ný í ársbyrjun 1998.

Lánveitingar til sjóðfélaga



Lánareglur

1. Lánaréttindi

Lán eru veitt til sjóðfélaga Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Lánsréttindi hefur sá sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, annaðhvort í samtryggingardeild eða séreignardeild.

2. Lánsupphæð, lánstími og kjör

Lánsupphæð er ótakmörkuð meðan veðrymi leyfir.

Lánstími er 5 - 40 ár og endurgreiðist lán með eigi færri gjalddögum en tveimur á ári. Lánin eru verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og eru með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitets lán).

Hægt er að velja um lán með breytilegum eða föstum vöxtum. Breytilegir vextir skulu vera 0,5% hærri en meðalávöxtun í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands á 2. flokki Íbúðabréfa til 30 ára. Vextir taka breytingum 15. hvers mánaðar miðað við meðalávöxtun í síðasta almanaksmánuði samkvæmt skrá Kauphallarinnar.

Fastir vextir eru ákveðnir af stjórn. Hægt er að breyta vöxtum á lánveitingum með breytilegum vöxtum í fasta vexti gegn hóflegu gjaldi.

3. Umsóknir

Umsókn skal fylgja fasteignamat, brunabótamat og nýtt veðbókarvottorð af eigninni. Ef á undan veðrétti sjóðsins eru önnur áhvílandi lán skulu fylgja umsókninni síðustu greiðsluseðlar viðkomandi lána sem sýna eftirstöðvar, uppreiknaðar með veðbótum og vöxtum. Lánsúmsókn skal vera skrifleg. Einnig þarf að fylgja skrifleg yfirlýsing veðeiganda, sé hann ekki sá sami og lántaki, um þær skuldbindingar er hann tekst á hendur.

4. Tryggingar

Aðeins er lánað gegn fasteignaveði allt að 65% af fasteignamati viðkomandi eignar, þ.e. lán sjóðsins og uppreiknaðar eftirstöðvar annarra áhvílandi lána mega ekki vera hærri en 65% af fasteignamati og jafnframt innan við 85% af brunabótamati. Ef fasteignamat endurspeglar ekki markaðsverð fasteignarinnar er miðað við matsverð sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili áætla. Sjóðurinn áskilur sér rétt til þess að láta meta fasteignir sérstaklega áður en lán er veitt. Meta þarf húseign ef um nýbyggingu er að ræða. Umsókn er ekki tekin til greina nema húseign sé fokheld. Sömu vaxtakjör gilda óháð veðrétti.

5. Kostnaður

Lántakandi greiðir lántökugjald sem er nú 1%, svo og kostnað við stimplun sem er 1,5% af lánsfjárhæð (greiðist hjá sýslumanni), þinglýsingu, greiðslumat og við mat á fasteign sé þess þörf. Lántakendur greiða einnig innheimtukostnað af afborgunum skuldabréfa á hverjum gjalddaga.

6. Afgreiðsla lánsúmsóknar

Skilyrði fyrir lánsúthlutun er að umsóknareyðublað sé útfyllt með fullnægjandi hætti. Lánsúmsóknir eru afgreiddar eftir því sem fé er fyrir hendi hjá lífeyrissjóðnum. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að hafna lánsúmsókn sé veðstaða ekki innan veðmarka.

Nýtt húsnæði

Sjóðurinn mun á árinu 2007 flytja skrifstofu sína frá Skúlagötu 17 að Borgartúni 29. Ljóst hefur verið um nokkurn tíma að núverandi aðsetur að Skúlagötu 17 hefur verið of lítið og staðið sjóðnum að nokkru fyrir þrifum. Áhugi var að fá meira pláss á Skúlagötunni en í árbyrjun 2006 lá fyrir að það myndi ekki takast. Eftir þarfagreiningu og mat á húsnæðismálum sjóðsins varð Borgartún 29, 4. hæð, fyrir valinu. Þar mun sjóðurinn hafa til umráða eina hæð fyrir starfsemi sína. Mikil breyting verður á allri aðstöðu starfsfólks ásamt því að móttaka sjóðfélaga og annarra viðskiptavina sjóðsins mun batna til mikilla muna. Sjóðurinn á því að geta dafnað vel áfram.

Breytingar á samþykktum sjóðsins

Þann 1. janúar 2006 tóku gildi nýjar samþykktir fyrir sjóðinn. Helstu breytingar snúa að réttindaávinnslu sjóðfélaga. Réttindi sjóðfélaga Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda hafa verið ein þau allra bestu í samanburði við lífeyrissjóði sem starfa án ábyrgðar, t.a.m. launagreiðenda. Er svo áfram. Ástæðan fyrir þessum breytingum er sú að verið er að bregðast við þeim breytingum sem eru að verða á réttindaávinnslu sjóðfélaga almennt. Með breytingunni verður réttindaávinnsla aldursháð, þannig að þeir sem yngri eru ávinna sér meiri rétt en þeir sem eldri eru fyrir sama iðgjald. Þetta gerist þó þannig að þeir sem hafa greitt til sjóðsins um hríð eiga með skilyrðum rétt á að halda áfram að greiða í jafna réttindaávinnslu eins og áður í samræmi við iðgjald þeirra árið 2003. Öll réttindi eru framvegis reiknuð í krónum og á það einnig við um eldri réttindi. Eldri réttindi eða réttindi sem áunnin eru fyrir 1. janúar 2006 eru jafnverðmæt og áður og er engin breyting á þeim frá fyrri samþykktum.

Ávöxtun eigna 2006


Árið 2006 var mjög gott til ávöxtunar, einkum á hlutabréfamörkuðum. Hlutabréfavísitölur innanlands hækkuðu um 14,7%. Erlendur hlutabréfamarkaður skilaði einnig góðri niðurstöðu, einkum í íslenskum krónum, eða 34,2%. Í heild skilaði sjóðurinn jákvæðri raunávöxtun sem nam 10,6% samanborið við 13,4% árið 2005.

Hér að neðan er samanburðartafla þar sem borin er saman nafnávöxtun eigna og viðmiða sjóðsins.


	Ávöxtun	Viðmið
Innlend skuldabréf	13,7%	11,5%
Innlend hlutabréf	21,8%	14,7%
Erlend hlutabréf	35,8%	34,2%
Aðrar eignir	14,7%	14,0%

Sjóðurinn skilaði almennt betri ávöxtun á öllum eignaflokkum, sérstaklega á innlendum hlutabréfum en þar er umframávöxtun ársins 7,1%. Aðrar eignir eru þeir fjármunir sem sjóðurinn hefur til ávöxtunar í sjóðum Kaupþings hf. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 34,2% í íslenskum krónum en hækkaði um 18,0% í dollurum. Veiking krónunnar eykur ávöxtun 2006 á erlendum eignum en þær eru ekki gengisvarðar í árslok 2006. Gengisvísitala krónunnar hækkaði um 23,1% á árinu, meðan dollarinn hækkaði um 12,9% gagnvart íslensku krónunni. Innlend skuldabréf sjóðsins skiluðu betri ávöxtun en viðmið sjóðsins þar um.

Fjárfestingar 2006



Eignasamsetning 31.12.2006



Fjárfestingarstefna Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2007

Samtryggingardeild

Stjórn sjóðsins lagði fram fjárfestingarstefnu á árinu 1999. Hún var framlengd til ársins 2006. Á síðasta ári var fjárfestingarstefnan yfirfarin og metin af tveimur þess til bærum aðilum.

Sú stefnumótun sem fram fór 1999 byggir á viðamikilli greinargerð sem ásamt fleiri breytum varð grunnur að ákvörðun um eignasamsetningu sem hér fylgir. Fjárfestingarstefnan er hins vegar í stöðugri skoðun. Fjárfestingarstefna sjóðsins vegna ársins 2007 miðar að því að viðhalda og styrkja núverandi eignasamsetningu sjóðsins.

	1999	2005	2007 (st.)
Ábyrgð ríkissjóðs	63%	39%	40%
Aðrar tryggingar	21%	23%	20%
Innlend hlutabréf	7%	16%	15%
Erlend verðbréf	9%	22%	25%

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið eftirfarandi skiptingu fjárfestinga og ráðstöfun fjármuna ársins 2007:

	Hlutföll
a. Verðbréf ríkis og húsnæðiskerfis	25 - 50%
b. Verðbréf fjármálafyrirtækja	5 - 15%
c. Verðbréf sveitarfélaga	5 - 15%
d. Sjóðfélagalán	5 - 15%
e. Innlend skuldabréf	5 - 15%
f. Innlend hlutabréf	0 - 10%
g. Erlend verðbréf	20 - 50%

Sjóðurinn stefnir í að viðhalda eftirfarandi eignasamsetningu en henni hefur þegar verið náð. Hjalagt fylgir nánari útfærsla fjárfestingarstefnunnar ásamt vikið mörkum hennar:

Stefna 2007**og vikmörk:****Verðbréfaflokkar**

Bein og óbein ábyrgð ríkissjóðs		35 – 50%
Aðrar tryggingar		15 – 30%
	Bankar og fjármálafyrirt.	5 – 10%
	Bæjar- og sveitarfélög	5 – 10%
	Skuldabréf fyrirtækja	5 – 10%
Innlend hlutabréf		10 – 20%
	Vísitölustýring	5 – 10%
	Virk stýring	5 – 10%
Erlend verðbréf		20 – 50
	Skráð hlutabréf vísitala	8– 13%
	Skráð hlutabréf virk st.	8– 13%
	Skuldabréf	0– 10%
	Framtakssjóðir	2– 5%
	Hedge Fund	0 – 5%

Í tengslum við fjárfestingarstefnu var lagt mat á þætti er hafa áhrif á val fjárfestingarkosta.

Mat á ávöxtun:**Niðurstaðan byggir á eftirfarandi eignasamsetningu:**

Innlend skuldabréf	81%
Innlend hlutabréf	6%
Erlend hlutabréf	13%

Samkvæmt niðurstöðu matsins eru 89% líkur á að raunávöxtun verði að jafnaði yfir 3,5%, 72% líkur á að raunávöxtun verði yfir 5% og 30% líkur á raunávöxtun yfir 7,5%. Sjóðurinn getur búist við að skila að jafnaði 6,4% meðalraunávöxtun. Litlar líkur eru á neikvæðri ávöxtun. Með því að auka vægi hlutabréfa í safni sínu, eins og lagt er til, mun sjóðurinn að jafnaði skila 7,4% væntri raunávöxtun en áhættan eykst aðeins um 0,8.

Líkur á raunávöxtun yfir 3,5% verða þá 92%, líkur á 5% raunávöxtun verða 80% og líkur á raunávöxtun yfir 7,5% verður 45%.

Meginhluti innlendra skuldabréfa sjóðsins eru skráð á markaði. Einungis 1% eigna sjóðsins skv. reglum eru óskráð.

Árið 2004 var gerð athugun á ávöxtun miðað við fjárfestingarstefnu sjóðsins, 2,5% árlega verðbólgu og ávöxtun eignaflokka árána 1996 –2004. Myndi hún að jafnaði skila 7,7% meðalraunávöxtun með staðalfrávik 7,5%.

Nú á haustmánuðum 2006 var stefna sjóðsins endurmetin og yfirfarin. Var hún tekin út af tveimur til þess bærum aðilum og miðað við eftirfarandi eignasamsetningu þann 30.09.2006:

Innlend skuldabréf	62%
Innlend hlutbréf	13%
Erlend verðbréf	25%

Samhliða yfirferðinni var gerð greiðsluflæðisgreining til ársins 2030. Miðað við afborganir núverandi skuldabréfa skila þær nægjanlegu innstreymi til að standa við greiðslur lífeyris næstu 12 – 15 árin. Næstu tíu árin skila afborganir mun meiru en til þarf til að standa undir áætluðum lífeyri. Endurfjárfestingarþörf sjóðsins er því töluverð næstu 10 árin. Niðurstaða athugana bendir til að nafnávöxtun gæti munið að jafnaði um 11 – 11,6%. Miðað við verðbólguþátt Seðlabanka Íslands 2,5% skilar sú ávöxtun 8,2 – 8,8% raunávöxtun. Vegna sögulegs staðalfrávíks (flökts) eignaflokka eru meiri líkur en minni á að raunávöxtun geti sveiflast í kringum 6%. Frávíkið mælist um 4,2 – 4,9%. Það þýðir að raunávöxtun getur sveiflast milli 1,8% til 10,9%. Litlar líkur eru á neikvæðri raunávöxtun. Athuganirnar staðfesta trausta fjárfestingarstefnu sjóðsins. Byggt verður því á sömu grunnstefnu áfram.

Framtíðarskuldbindingar:

Það er ekki fyrr en 2027 – 2036 sem fjölmennustu og réttindamestu aldurshóparnir fara á lífeyri. Þó svo að lífeyrisgreiðslur hafi vaxið og fari jafnframt vaxandi á komandi árum hafa þær nokkurn veginn staðið í stað miðað við inngreidd iðgjöld og eignir sem hafa vaxið nokkuð á undanförunum 3 – 4 árum. Því getur sjóðurinn leyft sér að fjárfesta til langs tíma.

Fjárfestingarviðmið:

Varðandi hlutabréfaviðskipti sjóðsins þá er horft til að ávöxtun sé að jafnaði hærri en heimsvísitala Morgan Stanley fyrir erlendu hlutabréfin og hærri en heildarvísitala aðallista Kauphallarinnar fyrir innlend hlutabréf. Erfiðara er að draga fram sanngjarnan samanburðarmælikvarða fyrir innlendu skuldabréfin þar sem þau eru gerð upp á kaupávöxtun. Enginn marktækur mælikvarði á við en horft er til meðal-ávöxtunar nýjustu flokka Íbúðabréfa á árinu. Það vantar mælikvaða sem er að öllu leyti samanburðarhæfur.

Notkun afleiða:

Sjóðurinn vill nýta sér afleiður að því marki að ávinningur sér augljós, t.a.m. vegna mikils vaxtamunar milli landa. Vandlega er hugað að áhættu við slíka notkun. Hins vegar eru gerðir framvikir samningar um verðbréfakaup. Slíkir samningar eru almennt til fárra daga eða vikna, en í einstaka tilvikum til nokkurra mánaða.

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum á sama aðila:

Almennt viðmið er að hámarksfjárfesting (krafa) á sama aðila sé ekki hærri en 5% af eignum hverju sinni. Þá er átt við annan aðila en ríkissjóð með beinum eða óbeinum hætti.

Hámarkshlutdeild í hlutafé fyrirtækja:

Sjóðurinn hefur það markmið að dreifa einstökum hlutafjárkaupum sínum þannig að fjárfestingar í innlendum hlutabréfum séu í sem líkustum hlutföllum og viðmiðunarvísitölur. Sjóðurinn hefur lagt meiri áherslu á seljanleika hlutabréfanna, þ.e. veltu einstakra félaga á markaði. Það leiðir til þess að einstök félög fá meira vægi en miðað við vísitölur. Almenn viðmið er að einstök innlend félög í hlutfalli af heildarfjárfestingu sjóðsins í innlendum hlutabréfum fari ekki yfir 20% af markaðsvirði safnsins. Um helmingi innlendra og erlendra hlutabréfa er stýrt skv. vísitöluviðmiði.

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum:

Sjóðnum er heimilt samkvæmt fjárfestingarstefnu að eiga 10% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði eða deild verðbréfafyrirtækis. Það getur þó gerst á einhverjum tilteknum tímamarki að eign sjóðsins sé hærri en það. Um tímabundna stöðu er þá að tefla.

Fasteignaveðtryggð skuldabréf:

Í fjárfestingarstefnu sjóðsins er ekki gert ráð fyrir að fjárfesta í skuldabréfum með fasteignaveði, sem eru útgefin af fyrirtækjum og með veði í atvinnuhúsnæði. Sé það gert þurfa bréfin einnig að vera skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði. Sjóðurinn lánar fjármuni til sjóðfélaga sinna, samkvæmt reglum stjórnar. Núgildandi reglur miða við 65% af fasteignamatmi eða metnu markaðsvirði íbúðarhúsnæðis.

Þjónustufyrirtæki fyrir lífeyrissjóði:

Það er ekki hluti af stefnu sjóðsins að eiga eða fjárfesta í fyrirtækjum sem hafa það að markmiði að þjónusta eingöngu lífeyrissjóði, nema slíkt sé augljóslega hagkvæmt fyrir sjóðinn.

Virk stýring eigna:

Sjóðurinn er tilbúinn að selja verðbréf sín fyrir hagstætt verð að því gefnu að endurfjárfesting fjármunanna skili sjóðnum traustari ávöxtun en sú selda. Nú um þessar mundir eru um 40% af eignum sjóðsins í virkri stýringu, einkum hlutabréf.

Líftími skuldabréfa:

Hér á landi er skuldabréfaútgáfa ekki regluleg nema í Íbúðabréfum. Útgáfa annarra skuldabréfa, s.s. ríkisbréfa, skuldabréf sveitarfélaga og annarra aðila, er meira háð aðstæðum hverju sinni. Sjóðurinn hefur sett sér þá reglu að í ríkistryggðum bréfum sé fjárfest til sem lengst tíma og kostur er miðað við ávöxtun og meðallíftíma. Varðandi skuldabréf sveitarfélaga og banka er gert ráð fyrir að lokagreiðsla þeirra sé ekki síðar en 15 árum frá kaupum nema í traustustu sveitarfélögum. Einnig er gert ráð fyrir lágmarksíbúafjölda og lágri skuldsetningu og að fram fari reglulegar afborganir. Varðandi skuldabréf útgefnunum af traustum fyrirtækjum sem eru skráð á markaði þá er krafa um hóflega langan líftíma. Algert skilyrði er að greitt sé af þeim reglulega.

Gjaldmiðlasamsetning:

Miðað við árslok 2007 er gert ráð fyrir að 30% af eignum sjóðsins verði í erlendri mynt. Meginhluti erlendra eigna hafa dollaraviðmið.

Atvinnugreinaskipting:

Þar sem viðmiðanir sjóðsins um atvinnugreinar miðast við vísitölur er gert ráð fyrir að ekki verði vikið frá þeirri atvinnugreinaskiptingu sem þær fela í sér.

Séreignardeild

Í gildi er samningur við Kaupþing hf. um ávöxtun fjármuna séreignardeildarinnar eftir útboð á fjármálamarkaði á sínum tíma. Þannig næst fjárhagslegur aðskilnaður milli deilda. Ávöxtun og uppgjör miðast við markaðsvirði eigna hverju sinni. Algert skilyrði er að eignir deildarinnar séu skráðar og hafi markaðsvirði. Tvær fjárfestingarstefnur eru í boði fyrir réttthafa deildarinnar. Kallast þær Söfnunarleið I og Söfnunarleið II.

Söfnunarleið I er hefðbundinn innlánsreikningur sem ber hæstu innlánsvexti á hverjum tíma. Hún er hentug þeim lífeyrisþegum deildarinnar sem eru að nálgast lífeyristökualdur og einnig þeim sem vilja taka litla áhættu. Til þess að skipta um leiðir þarf upplýst samþykki hvers og eins.

Söfnunarleið II er eftirfarandi:

Ísl. skbr.			Ísl. hlutabr.			Erlend verðbr.		
Lágm.	Viðm.	Hám.	Lágm.	Viðm.	Hám.	Lágm.	Viðm.	Hám.
60	70	100	0	10	20	0	20	40

Markmið sjóðsins er að ávaxta fé réttthafa á sem bestan hátt að teknu tilliti til áhættu með ofangreindum hætti í samræmi við samþykktir sjóðsins á hverjum tíma.

Það var sameiginlegt mat sjóðsins og Kaupþings hf. að ofangreind samsetning væri vænleg til jafnrar og traustrar ávöxtunar til handa réttihöfum. Þar sem gert er ráð fyrir að meginhluti eigna sé í skuldabréfum, má gera ráð fyrir að sveiflur í ávöxtun verði minni. Hins vegar er möguleiki að auka við hlutabréfaeign deildarinnar í allt að 40% þar sem hluti skuldabréfa á að vera að lágmarki 60%. Ítrustu heimildir deildarinnar byggja á samþykktum sjóðsins skv. 7. gr.

Fjárfestingarviðmið deildarinnar byggir á eftirfarandi viðmiðunarsamsetningu.

Innlend skuldabréf	70,0%
Reibid 1. mán	10,0%
ICEX 10YI	40,0%
ICEX 5Y NI	5,0%
ICEX 1Y NI	15,0%
Innlend hlutabréf	10,0%
Úrvalsvísitala hlutabréfa á VPÍ	10,0%
Erlend verðbréf	20,0%
Hlutabréfavísitala MSCI world	16,0%
Skuldabréfavísitala JP Morgan	4,0%

Meginfjárfestingar eru í hlutdeildarsjóðum KB banka hf. og erlendum hlutdeildarsjóðum sem bankinn hefur umboð fyrir.

Deildin hefur heimild til að nota afleiður. Þær á að nota varfærnislega.

Deildinni er heimilt að eiga allt að 10% hlutdeildarskírteina útgefnum af sama verðbréfasjóði eða deild verðbréfafyrirtækis.

Ekki er liður í fjárfestingarstefnu deildarinnar að fjárfesta í skuldabréfum með fasteignaveði. Deildin veitir ekki lán til rétthafa. Hún hefur heldur ekki á stefnuskrá sinni að eiga né fjárfesta í félögum sem sinna eiga þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóði/deildina.

Allar eignir deildarinnar eru í virkri stýringu. Mögulegt er að fjárfesta í skuldabréfasjóðum sem henta þykja hverju sinni í samræmi við fjárfestingarstefnu og viðmið þar um. Reglulega eru fjárfestingarnar metnar.

Erlendar eignir deildarinnar geta verið frá 0 – 40%. Eignir deildarinnar eru annaðhvort í dollara eða evru, eða báðum myntum samtímis. Engin sérstök stefna er þar um.

Fjárfestingarstefna beggja deilda sjóðsins byggir að öðru leyti á langtímamarkmiðum og mikilvægi þess að ávöxtun sé jöfn og traust til lengri tíma litið.

Tryggingafræðileg athugun

Í febrúar 2007 var gerð tryggingafræðileg úttekt á sjóðnum miðað við árslok 2006. Úttektin sýnir að staða sjóðsins hefur batnað milli 2005 og 2006. Skýrist það fyrst og fremst af mjög góðri ávöxtun ársins 2006. Þetta gerist þrátt fyrir að réttindi hafi verið aukin um 5% miðað við árslok 2005. Heildareignir umfram heildarskuldbindingar 2006 voru 5.310 millj. kr. en voru 3.795 millj. kr. í árslok 2005. Það þýðir 7,0% af heildarskuldbindingum sem eru 76.235 millj. kr. í árslok 2006.

<u>Áfallin staða</u>	<u>2006</u>	<u>2005</u>
Endurmetin eign	51.588	42.578
Áfallin skuldbinding	41.629	34.368
Eignir umfram áfallnar sk.	9.959	8.210
Hlutfall	23,9%	23,9%
<u>Með framtíðaskuldbindingum</u>		
Endurmetin eign	81.545	67.238
Heildarskuldbindingar	76.235	63.443
Heildarstaða	5.310	3.795
Hlutfall	7,0%	6,0%

Samtryggingardeild

Ársreikningur 2006

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra fyrir árið 2006

Árið 2006 er að baki, en með því lauk 32. starfsári Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en hann hóf starfsemi 26. september 1974. Árið 2006 var fjárfestum hagstætt einkum á erlendum markaði. Ávöxtun sjóðsins er með besta móti 2006 en hún hefur aldrei verið neikvæð frá stofnun sjóðsins. Er ávöxtun ársins ein sú besta í sögu sjóðsins.

Samþykktum sjóðsins var breytt til að bregðast við þeim breytingum sem eru að verða á réttindareglum lífeyrissjóða og tryggja hag sjóðfélaga. Nú byggir sjóðurinn á samblandi af aldursháðri réttindaávinnslu og jafni.

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti og gekk rekstur hans mjög vel. Á árinu greiddu alls 1.674 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins 2.077 millj. kr., fyrir 16.953 einstaklinga. Alls voru sjóðfélagar 112.479 í árslok 2006. Virkir sjóðfélagar voru 7.356 árið 2006.


Lífeyrisgreiðslur námu alls kr. 504 millj., og jukust um 21,2% milli ára. Fjöldi lífeyrisþega í árslok voru 4.011 en þeir voru 3.731 í árslok 2005. Er það aukning um 7,5%.

Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar var 50.594 millj. kr., og raunávöxtun 10,5%. Fimm ára meðaltalsraunávöxtun er 8,8% og tíu ára meðaltal 6,8%.

Staða samtryggingardeildar sjóðsins hefur batnað milli ára og eru eignir sjóðsins 7,0% sem hlutfall af heildarskuldbindingum umfram heildarskuldbindingar í árslok 2006. Gerist þetta þrátt fyrir aukningu réttinda um 5% á síðasta ári. Sambærilegt hlutfall 2005 var 6,0%.

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 19. febrúar 2007




Baldur Guðlaugsson


formaður




Eirafn Magnússon, varaform.




Arnar Sigurmundsson




Gunnar Gunnarsson



Halldór Björnsson



Þorgeir Eyjólfsson



Þórunn Sveinbjörnsdóttir



Sigurbjörn Sigurbjörnsson
framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Við höfum endurskoðað ársreikning samtryggingardeildar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 17. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnenda Söfnunarsjóðsins og lagður fram í samræmi við lög og starfsskyldur þeirra. Ábyrgð okkar felst í því að láta í ljós álit á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri samtryggingardeildar Söfnunarsjóðsins á árinu 2006, efnahag 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 19. febrúar 2007



Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi



Grétar B. Guðjónsson

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir

Fjárfestingar	Skýr.	2006	2005
Verðbréf með breytilegum tekjum.....		19.498.557.307	16.164.639.949
Verðbréf með föstum tekjum.....		28.605.992.236	22.739.947.730
Veðlán.....		1.515.267.729	1.352.109.113
Aðrar eignir.....		566.815	0
Fjárfestingar alls	8-14	49.620.384.087	40.256.696.792
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur.....	4,5	607.921.482	495.533.391
Kröfur alls		607.921.482	495.533.391
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir.....	2	3.815.448	3.733.543
Sjóður og bankainnistæður.....		381.913.294	626.855.131
Aðrar eignir alls		385.728.742	630.588.674
Eignir samtals		50.614.034.311	41.382.818.857
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Ógreidd gjöld.....		19.683.380	36.338.757
Skuldir alls		19.683.380	36.338.757
Hrein eign til greiðslu lífeyris		50.594.350.931	41.346.480.100

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2006

	Skýr.	2006	2005
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga.....		805.338.929	777.184.875
Iðgjöld launagreiðenda.....		1.303.087.476	1.234.659.847
Réttindaflutningur og endurgreiðslur.....		(31.333.373)	(30.066.646)
Iðgjöld alls		<u>2.077.093.032</u>	<u>1.981.778.076</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir.....	6	503.695.860	415.518.980
Kostnaður vegna lífeyris.....		2.881.004	241.515
Lífeyrir alls		<u>506.576.864</u>	<u>415.760.495</u>
Fjárfestingartekjur			
Fjárfestingartekjur af hlutabréfum.....		4.214.888.686	3.867.030.920
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur.....		3.548.541.092	2.399.804.228
Fjárfestingartekjur alls		<u>7.763.429.778</u>	<u>6.266.835.148</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		41.223.574	30.116.084
Vaxtagjöld.....		2.663.878	3.820.497
Fjárfestingargjöld alls		<u>43.887.452</u>	<u>33.936.581</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		59.268.634	56.364.463
Rekstrarkostnaður alls		<u>59.268.634</u>	<u>56.364.463</u>
Aðrar tekjur			
Innheimtuþóknun	7	17.080.971	12.064.381
		<u>17.080.971</u>	<u>12.064.381</u>
Hækkun á hreinni eign án matsbreytinga		<u>9.247.870.831</u>	<u>7.754.616.066</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu.....		9.247.870.831	7.754.616.066
Hrein eign frá fyrra ári.....		<u>41.346.480.100</u>	<u>33.591.864.034</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris.....		<u><u>50.594.350.931</u></u>	<u><u>41.346.480.100</u></u>

Sjóðstreymi fyrir árið 2006

	2006	2005
Inngreiðslur		
Iðgjöld.....	1.949.694.651	1.858.267.521
Fjárfestingartekjur.....	873.770.436	2.176.019.417
Afborganir verðbréfa.....	2.144.805.662	2.926.311.207
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....	1.979.052.355	532.755.422
Seld verðbréf með föstum tekjum.....	56.494.058	172.616.640
	7.003.817.162	7.665.970.207
 Útgreiðslur		
Lífeyrir.....	506.576.864	415.760.495
Fjárfestingargjöld.....	43.887.453	32.549.067
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....	60.006.134	53.767.159
	610.470.451	502.076.721
Ráðstöfunarfé.....	6.393.346.712	7.163.893.486
 Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum.....	914.371.215	1.642.967.891
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum.....	5.485.925.090	4.902.041.544
Ný veðlán og útlán.....	236.435.934	477.115.390
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	1.556.310	686.428
	6.638.288.549	7.022.811.253
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(244.941.837)	141.082.233
Handbært fé í ársbyrjun.....	626.855.131	485.772.898
Handbært fé í árslok.....	381.913.294	626.855.131

Skýringar með ársreikningi 2006

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða, sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu og tóku gildi árið 2000.

Rekstrarfjármunir

2. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Verðbréfaeign

